

Fundur haldinn í framkvæmdaráði um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, mánudaginn 7. janúar 2019.

Fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps klukkan 17:00.

Mættir: Þorleifur Ingvarsson, Dagný Úlfarsdóttir og Halldór Ólafsson . Guðmundur Haukur Jakobsson, forfallaðist á síðustu stundu. Jón Gíslason, oddviti Húnavatnshrepps sat fyrri hluta fundarins.

Fundargerð skrifaði Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Þorleifur setti fundinn og fór yfir stöðu mála.

Fram kom að nýskipaður starfshópur á vegum ráðherra sveitarstjórnamála mun að öllum líkinum gera tillögu að aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að sameiningu sveitarfélaga fyrir lok mars nk.

Samþykkt var að óska eftir því í samráði við Ráð-rík ehf að koma á fundi með félagsmálaráðherra og sveitarstjórnarráðherra á næstu vikum.

Jafnframt var samþykkt að halda fund í sameininganefnd á næstu vikum.

Umræður urðu um atvinnumál og íbúapróun í héraðinu svo og sameiningamál almennt.

Fleira ekki gert,

Fundi slitið klukkan 18:10.